




**Skipulagsráð
Febrúar 2026**

**Kynning athugasemda vegna
skipulagslýsingar fyrir Hátún 10-14**





Athugasemdir úr skipulagsgátt

Heildarfjöldi athugasemda: 10

Íbúar: 1

Opinberir umsagnaraðilar: 9

Mál nr. 25/2026

Hátún 10-14 - USK25120135

 Í VINNSLU



TEGUND MÁLS

Nýtt deiliskipulag

STADA MÁLS

Lýsing 

STAÐSETNING

Reykjavíkurborg

STOFNAÐ AF OG DAGS BIRT

Helena Stefánsdóttir, í umboði
fyrir Reykjavíkurborg

8.01.2026



Samantekt athugasemda

Samgöngumál: Veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar

Ábending frá Vegagerðinni um veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar sem liggur austan við skipulagsreitinn meðfram Kringlumýrarbraut. Gatan er stofnvegur Vegagerðarinnar og veghelgunarsvæði hennar er 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu.



Samantekt athugasemda

Samgöngumál: Gatnamót Laugavegs og Kringlumýrarbrautar

Ábending frá Betri samgöngum og Vegagerðinni um að hönnun á gatnamótum Laugavegs og Kringlumýrar sé enn í vinnslu og mikilvægt að taka mið af rýmispörf vegna fyrirhugaðra breytinga. Vegagerðin telur nauðsynlegt að tekið verði frá rými fyrir mislægar lausnir fyrir óvarða vegfarendur við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Laugavegs til framtíðar. Deiliskipulag Hátúns 10-14 þurfi að gera ráð fyrir slíkum mannvirkjum og viðeigandi landmótun þeim tengdum. Vegagerðin hefur ekki fastmótað stærð veghelgunarsvæðis við gatnamótin og leggur áherslu á að framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis séu háðar leyfi frá Vegagerðinni. Óskað er eftir virku samráði á vinnslustigi tillögunnar.



Samantekt athugasemda

Samgöngumál: Tengingar við umhverfi og almenningssamgöngur

Ábending frá Betri samgöngum og Strætó bs. um mikilvægi þess að tryggja góðar og öruggar tengingar fyrir gangandi og hjólandi, eins stuttar og kostur er, að Borgarlínustöð við Hátún og öðrum stoppistöðvum strætó í umhverfi reits.



Samantekt athugasemda

Samgöngumál: Aðkoma Slökkviliðs að lóðum

Ábending um mikilvægi þess að tryggja góða og skilvirka aðkomumöguleika SHS að lóðum. Taka þurfi tillit til þeirrar starfsemi sem rúmast innan skipulagsins og kallar eftir aukinni þjónustu eða áhættu. Tryggja þarf aðgengi körfubíla að byggingum sem gera ráð fyrir notkun þeirra við björgun eða slökkvistörf.

Einnig er bent á mikilvægi þess að þjónustustígar og aðrar uppbyggðar leiðir séu með burðarþol í samræmi við einstaka umferð tækja SHS.



Samantekt athugasemda

Samgöngumál: Aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra

Ábending frá Skipulagsstofnun um aðgengismál vegna nýtingar á svæðinu, sérstaklega þurfi að huga að aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra og tryggja akstursleiðir og aðkomu þjónustu- og neyðarbíla.



Samantekt athugasemda

Samgöngumál: Umferðaraukning

Ábending frá Vegagerðinni um umferðaraukningu sem nýtt deiliskipulag mun hafa í för með sér. Lögð fram krafa um að samgöngumat verði unnið fyrir svæðið.



Samantekt athugasemda

Umhverfismál

Skrifstofa umhverfisgæða bendir á að erfitt sé að fylgja markmiðum um að halda í núverandi trjágróður á svæðinu ef til stendur að fara í umfangsmikla uppbyggingu. Mikilvægt sé að gera úttekt á gróðri og leggja til grundvallar í skipulagi. Einnig er ítrekað mikilvægi gróðurbeltis meðfram Kringlumýrarbraut sem skýlir fyrir vindi og umferð.



Samantekt athugasemda

Skólamál

Athugasemd frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og Íbúasamtökum Laugardals um álag á innviði í hverfinu, einkum skóla og leikskóla. Hátún sé í skólahverfi Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla og báðir skólar þétt setnir og á leið í viðhald. Þá sé sömuleiðis vandamál með leikskólapláss í hverfinu.

Einnig er bent á að Laugarnesskóli hafi haft afnot af íþróttahúsi innan skipulagssvæðisins sem megi ekki skerða án þess að annað komi í staðinn.



Samantekt athugasemda

Gæði byggðar: Hljóðvist og loftgæði

Athugasemd frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að mat á loftgæðum sé ekki meðal matsatriða á umhverfisáhrifum áætlunar.



Samantekt athugasemda

Gæði byggðar: Ljósvist og önnur gæðamarkmið


Ábending frá Skipulagsstofnun um nýja breytingu á byggingarreglugerð fyrir ljósvist. Breytingin gildir fyrir framkvæmdir sem byggja á deiliskipulagi samþykktu eftir 1. maí 2026 og því líklegt að framkvæmdir hins nýja skipulags muni falla undir nýtt ljósvistarákvæði byggingarreglugerðar. Lögð áhersla á að ákvarðanir um byggingarmagn verði teknar með tilliti til atriða sem eru nefnd í skipulagslýsingu (t.d. vindgreiningar, ofanvatnslausna, dvalarsvæða, hljóð- og loftgæða, skjólmyndunar, útsýnis o.fl.).



Samantekt athugasemda

Varðveisla

Ábending frá Minjastofnun um að taka þurfi tillit til minja, ef þær finnast á svæðinu, við útfærslu skipulagsins. Fjalla skuli um minjar og áhrif skipulagsins á þær í greinargerð og færa útlínur sýnilegra fornleifa inn á deiliskipulagsuppdrátt.





Reykjavík



Reykjavík